

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklastrjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.*Jón Thors.***AUGLÝSING****um nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Brekkubæjar á Hellnum, Snæfellsbæ.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 19. júní 1998 samþykkt nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Brekkubæjar á Hellnum, Snæfellsbæ.

Deiliskipulagið tekur til svæðis norðan heimreiðar að Brekkubæ og austan þjóðvegur og gerir ráð fyrir 33 húsa sumarhúsabyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 22. desember 1998.

Bæjarverkfræðingur Snæfellsbæjar,

Örn T. Johnsen.**TILKYNNING****nr. 5/1998 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.**

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. janúar 1999 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,80 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,75 kr. á kg
flugvélabensín	0,20 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við

innflutt mótttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 22. desember 1998.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um viðbótarlán.

I. KAFLI

Gildissvið reglugerðarinnar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til lána Íbúðalánasjóðs skv. VII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem ætluð eru einstaklingum, er búa við erfiðar aðstæður og þurfa aðstoð, til kaupa á eigin íbúðarhúsnæði og kemur til viðbótar almennu húsnæðisláni, sbr. 2. tölul. 15. gr. sömu laga.

Um merkingu orða samkvæmt reglugerð þessari fer eftir því sem segir í 2. gr. laga um húsnæðismál.

2. gr.

Gildissvið gagnvart öðrum reglugerðum.

Við meðferð og afgreiðslu umsókna einstaklinga um viðbótarlán skal ennfremur beita ákvæðum reglugerðar um húsbref og húsbrefaviðskipti eftir því sem við á.

II. KAFLI

Veiting viðbótarlána.

3. gr.

Lánshlutfall og lánskjör.

Viðbótarlán má nema allt að 25% af matsverði íbúðar. Um matsverð íbúða gilda ákvæði 20. gr. laga um húsnæðismál, og ákvæði reglugerðar um húsbref og húsbrefaviðskipti.

Að teknu tilliti til áhvílandi veðskuldbindinga má heildarlánveiting Íbúðalánasjóðs (almennt lán og viðbótarlán) ekki leiða til hærri veðsetningar en 90% af matsverði íbúðar.

Viðbótarlán eru veitt til allt að 40 ára. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 31. gr. laga húsnæðismál.

4. gr.

Réttur til viðbótarláns.

Réttur til viðbótarláns, er auk skilyrða um greiðslugetu, sbr. 8. gr., bundinn skilyrðum um tekju- og eignamörk, sbr. 5. og 6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja í reglur nánari fyrirmæli um þau atriði, er húsnæðisnefnd skal líta til, við mat á þörf umsækjanda fyrir viðbótarlán, er taki meðal annars mið af: